

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið eftirfarandi:

1. Að afmarkað verði sérmerkt bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða við Njálsgötu 70. Bílastæði er merkt með umferðarmerkinu D01.21 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.
2. Að gönguþverun yfir Háteigsveg austan við Hjálmholt verði merkt sem gangbraut. Gangbrautin skal merkt beggja vegna vegar með umferðarmerkinu D02.11 og yfirborðsmerkingu vegar með M13 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.
3. Að afmarkað verði sérmerkt bifreiðastæði fyrir vörulosun á Hverfisgötu austan við Smiðjustíg en almennt stöðubann verði í stæðinu með undirmerki um 20 metra gildislengd. Bílastæði er merkt með umferðarmerkinu B24.11 og undirmerki J um vörulosun 20 metrar samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, 15. október 2019.*

**Sigríður Björk Guðjónsdóttir.**

---

B-deild – Útgáfud.: 1. nóvember 2019